



Alþingi
Menntamálanefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 138/825
komudagur 18.12.2009

Umsögn um frumvarp til laga um framhaldsfræðslu þskj. 262 233., mál lagt fyrir 138. löggjafarþing 2009-2010.

Vísað er til sameiginlegrar umsagnar SA og sex aðildarsamtaka þeirra nr. P. 136/773 um frumvarp til laga um framhaldsfræðslu sem lagt var fyrir 136. löggjafarþing 2008-2009 þskj. 291, 216. mál. Ekki verður endurtekið úr umsögninni mat á frumvarpinu eins og það var þá, mat á forsendum fyrir því að það yrði afgreitt frá Alþingi eða þörf fyrir öfluga samvinnu allra stöða menntakerfisins.

Samtök atvinnurekenda telja mikinn akk í því að náðst hefur samkomulag um aðkomu opinberra starfsmanna og viðsemjenda þeirra að starfsemi og stjórn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og um fjárframlög sem þeim fylgja, sbr. síðustu málsgrein kafla um fjárhagsmálefni í greinargerð með frumvarpinu. Samtökin telja að þegar frumvarpið verður að lögum verði ekkert að vanbúnaði til að sameina krafta launafólks á opinbera og almenna markaðnum og atvinnurekenda þeirra bæði innan FA og stjórnar Fræðslusjóðs. Samhliða afgreiðslu frumvarpsins á Alþingi hafa aðilar vinnumarkaðarins verið fullvissaðir um að gengið verði frá 5 ára þjónustusamningi við breytta Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og þannig tryggt að sú reynsla og þekking sem byggð hefur verið upp af hálfu aðila vinnumarkaðarins nýtist í áframhaldandi uppbyggingu og þróun framhaldsfræðslu á vinnumarkaði. Samfella og framþróun verði þannig í markvissu starfi að markmiðum um að bæta stöðu einstaklinga og mæta þörfum atvinnulífs fyrir aukna þekkingu og hækka jafnframt menntunarstig hér á landi. Um það hafa aðilar vinnumarkaðarins og ríkisstjórnin sett sér markmið sem kunnugt er.

Helsti markhópur frumvarpsins er fólk á vinnumarkaði með litla formlega menntun. Rétt er að áréttta að frumvarpið á einnig við umskólun og endurmenntun fólks sem hefur sótt sér menntun á framhaldsskólastigi eða lokið þaðan starfsnámi. Þarna má vísa til c og d) liðar 2. gr. frumvarpsins og c) liðar í 10. gr. og verkefna sem áður hafa verið styrkt af Starfsmenntasjóði sbr. athugasemdir með 10. gr. 2. málsgrein.

Samtök atvinnurekenda telja að breytingar á 2. og 5. gr. frumvarpsins séu ekki til bóta. Með þeim er áhersla flutt frá því að bæta stöðu markhóps laganna bæði til vinnu og möguleika einstaklinganna á vinnumarkaðnum yfir í fræðslu í því almenna augnamiði að veita aukin tækifæri til virkar þátttöku í samfélaginu. Almenn gildi framhaldsfræðslu var inni í markmiðsgrein frumvarpsins fyrir breytingar. Skýr atvinnu- og vinnumarkaðstenging í frumvarpinu er mikilvæg og felur í sér það sem stefnt er að með umröðun og viðbótum í liðum 2. greinar og breytingu á 5. gr. Viðbæturnar bæta ekki við raunverulegt inntak frumvarpsins en gætu skapað vanda þegar kemur að útteilingu fjármuna úr fræðslusjóði. Rétt er að minna á í þessu sambandi að féð, sem ráðstafað verður í samræmi við lögin, er fengið í málaflokkinn vegna þess að aðilar vinnumarkaðarins settu það á oddinn og börðust fyrir því. Rétt og skylt er einnig að halda því til haga að af hálfu menntamálaráðuneytisins hefur verið árétttað að ekki sé gert ráð fyrir að breytingin hafi áhrif á eða breyti fjármögnun og áherslum við úthlutun fjármuna til vinnumarkaðstengdrar framhaldsfræðslu frá frumvarpinu í sinni fyrri mynd. Rekstur og fjármögnun framhaldsfræðslu fyrir hópa sem standa utan vinnumarkaðar verði áfram sérgreind.

Grein 3. eins og hún er nú, tekur að hluta tillit til athugasemdar sem samtökin gerðu þegar frumvarpið var lagt fyrir 136. löggjafarþing en þar sagði ennfremur:

„ Þá er síðari hluti setningarinnar of takmarkandi. Eftir framhaldsfræðsluleið stendur fólki á vinnumarkaði til boða leikskólaliðabruú og félagsliðabruú. Það nám er skipulagt á grundvelli laga um framhaldsskóla en hægt er að stunda það nám í símenntunarstöðvum og hefur það reynst mjög vel.“

Hér þarf með réttu orðalagi að tryggja að ofangreindar brautir og sambærilegar sem kenndar eru á forsendum framhaldsfræðslu geti áfram verið innan þess kerfis sem FA hefur haldið utan um til þessa.

Með nýrri 12. grein er gætt samræmis við ný lög um framhaldsskóla og lýst markmiðum með mati og eftirliti ráðuneytisins með gæðum í fullorðinsfræðslu. Ekki eru gerðar athugasemdir við það, né breytingu í 13. gr. þar sem er nákvæmari útlístan á upplýsingum sem fræðsluaðilar sem hljóta viðurkenningar eða stuðning skulu skila ráðuneyti og fræðslusjóði.

Frumvarpið hefur verið unnið í nánú samráði við aðila vinnumarkaðarins. Samtök atvinnurekenda telja rammalöggjöf um fullorðinsfræðslu æskilega og telja margvíslegan ávinning felast í væntanlegri lagasetningu. Þar má telja viðurkenningu á að fólki, sem ekki hefur nýtt sér sem skyldi framboð formlega skólakerfisins, bjóðist úrræði til menntunar sem taki mið af þörfum þess og einnig viðurkenningu á gildi náms sem fellur utan formlega skólakerfisins, m.a. raunfærni til starfa. Ennfremur er ávinningur að því að til verður heildstætt kerfi fyrir bæði einkageirann og opinbera geirann sem skapar betri möguleika til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni með skipulegu framboði á menntun og þjálfun. Þá verður hér formfest samstarf aðila vinnumarkaðarins um símenntun í atvinnulífinu.

f.h. SA




f.h. SI




f.h. SART




f.h. SVP




f.h. SF



f.h. SAF



f.h. LIÚ





Reykjavík 21. Janúar 2009.

Til menntamálanefndar Alþingis

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um framhaldsfræðslu.

Samtök atvinnurekenda telja frumvarp til laga um framhaldsfræðslu styrkja lagaramma um fullorðinsfræðsluleið fyrir fólk á vinnumarkaði. Í því felast tækifæri til að efla starf til að byggja upp mannauð í þágu samfélags og atvinnulífs utan formlega skólakerfisins en í góðu samstarfi við það. Meðal ávinnings við að fella margháttaða og umfangsmikla framhaldsfræðslu undir ein lög má nefna:

- Í því felst viðurkenning á nauðsyn þess að fólk sem ekki hefur nýtt sér þjónustu opinbera skólakerfisins bjóðist menntunaráæði sem taki mið af þörfum þess og einnig viðurkenning á gildi náms sem fellur utan formlega skólakerfisins m.a. matl. á raunfærni til starfa.
- Rammi er settur um heildstætt kerfi bæði fyrir einkageirann og opinbera geirann þar sem stefnt er að því að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni með skipulegu framboði á menntun og þjálfun.
- Símenntun í atvinnulífinu er skapaður nauðsynlegur lagarammi og formfest samstarf aðila vinnumarkaðarins að þeim málum.
- Ábyrgð á símenntun í atvinnulífinu, stefnumótun, framkvæmd, þróun, nýsköpun og eftirliti og matl. er á hendi eins ráðuneytis.

Samtök atvinnurekenda telja lögín býsna opin. Það er bæði styrkur þeirra og veikleiki. Mikil veltur á að við framkvæmd laganna sé byggt á bestu reynslu aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda á sviði menntamála. Samtök atvinnurekenda óska eftir því að vera höfð með í ráðum við smíði reglugerða og aðra útfærslu á lögnum.

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands hafa frá í lok 2002 rekið Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og gert þjónustusamninga um margvísleg verkefni á sviði framhaldsfræðslu við menntamálaráðuneytið. Hefur samstarf í FA og samstarf FA við ráðuneyti og fræðsluaðila, m.a. símenntunarmiðstöðvar, reynst vel. Starfsemin hefur skilað miklum árangri sem ekki verður tíundaður sérstaklega hér, heldur vísað í ársskýrslur FA. Í ljósi þessa gerir frumvarp um framhaldsfræðslu ráð fyrir að FA annist áfram margvísleg verkefni samkvæmt samningi við ráðuneytið. Hafnar eru viðræður við fulltrúa atvinnurekenda og launafólks hjá ríki og sveitarfélögum um aðild þeirra að FA. Að matl. samtaka atvinnurekenda er það forsenda að hvorttveggja ofangreint gangi eftir og þessum samningum þarf því að ljúka áður eða um leið og frumvarpið verður að lögum.



Samtök atvinnurekenda gera athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins og leggja til að hún verði sem hér segir:

Framhaldsfræðsla: hvers konar menntun og úrræði sem ætlað er að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og færni og skipulögð er með hlífðun af þessum þörfum.

Óbreytt nær greinin ekki alveg utan um það sem framhaldsfræðsla ætti að vera, þ.e. mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki OG þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og færni sbr. c. lið 2. gr. Þá er síðari hluti setningarinnar of takmarkandi. Eftir framhaldsfræðsluleið stendur fólki á vinnumarkaði til boða leiksskólaliðabréu og félagsliðabréu. Það nám er skipulagt á grundvelli laga um framhaldsskóla en hægt er að stunda það með námi í símenntunarstöðvum og hefur það reynt mjög vel. Fulltrúar SA og ASÍ ræddu ofangreinda breytingu á greininni við þá sem sömdu frumvarpið. Svo virðist sem sameiginlegur skilningur þeirra sem þar ræddu málið hafi ekki skilað sér í endanlegan texta frumvarpsins.

Samtök atvinnurekenda vilja einnig draga sérstaklega fram að það er mikilvægt að stuðningur við endurmenntun lónaðarmanna og annarra starfsmenntaðra verði ekki lakari eftir fyrirhugaða lagasetningu en áður. Bent skal á varðandi 10. gr. að gert er ráð fyrir því að við setningu laga um framhaldsfræðslu falli úr gildi lög um starfsmenntun í atvinnulífinu nr. 19 frá 1992. Starfsmenntasjóður hefur reynt öflugur bakhjarl við þróun margra lön- og starfsgreina. Samtök atvinnurekenda áretta því mikilvægi c. liðar 10. gr. um að varðandi Fræðslusjóður veiti myndarlega styrki til nýsköpunar- og þróunarverkefna sem nýtist starfsfólki og fyrirtækjum ýmissa starfsgreina eins og starfsmenntasjóður hefur gert.

Mikilvægt er einnig að samlegðaráhrif opinbera skólakerfisins og framhaldsfræðslukerfis séu nýtt. Í greinargerð með frumvarpinu er þess getið að framhaldsfræðslukerfið sé „fimmta grunnstöð menntakerfisins“. Meðal forsendna fyrir framhaldsfræðslulögum hafa menn talið vera að framhaldsskólinn hafi ekki náð að þjóna stórum hópi fólks; þeir sem hafa minnsta menntun hafa ekki hlotið þar þjónustu við hæfi. Ekki stendur til að létta þeirri ábyrgð af herðum opinbera skólakerfisins og færa hana yfir á aðra „grunnstöð“ heldur virfna að því ótullega að skapa skilyrði til þess að leikskólinn, grunnskólinn og framhaldskólinn sé skóli allra. Skilning og öfluga samvinnu milli opinbera skólakerfisins og framhaldsfræðslunnar er afar mikilvægt að tryggja, þannig verður nýting fjármuna og þjónustan best.

Virðingarfyllt,

f.h. SA

f.h. SI

f.h. SVP

f.h. SAF

f.h. SART

f.h. SF

f.h. LIU

[Handwritten signatures of representatives from SA, SI, SVP, SAF, SART, SF, and LIU]